

Stjórnarfundur

Fundargerð föstudaginn 14. maí 2021 kl. 13:00

Mættir,

Guðjón Guðjónsson, Guðlaugur Jónsson, Björn Ármannsson, Birgir Sigurjónsson, Einar Eiríksson, Magnús Harðarson, Árni Bjarnason, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Mál 1. Reikningar félagsins.

ÁS fór yfir reikningana og skýrði fyrir fundarmönnum helstu tölur og breytingar frá síðasta ári. Engar athugasemdir í skýrslu endurskoðanda. Ársreikningarnir verða skýrðir á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í júní og er það aðalfundur að ákveða félagsgjöld félagsmanna. Formaður bar ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu og var hann samþykktur af stjórn félagsins. Stjórnin skrifaði undir reikningana möglunarlaust.

Mál 2. Tillögur að lagabreytingum á lögum Félags skipstjórnarmanna.

ÁS fór yfir lagabreytingar og skýrði fyrir fundarmönnum. Í kjölfar Júlíusar Geirmundssonar málsins og ósætti í garð stjórnar Félags skipstjórnarmanna, þá fóru menn að rýna í lög félagsins og tala saman og í framhaldi af því var ákveðið að endurskoða löginn. Nefnd til starfans var sett á fót og völdust valinkunnir menn í hana, þeir Árni Sverrisson framkvæmdastjóri FS, Guðjón Guðjónsson skipstjóri, Pálmi Gauti Hjörleifsson skipstjóri og Sigþór Guðnason skipstjóri. Vinnu nefndarinnar er lokið og urðu nokkrar umræður um lagabreytingarnar. Uppistaða núverandi laga félagsins voru lög Öldunnar sem eru gömul og komin tími til að endurskoða og lagfæra. Komist var m.a. að samkomulagi um að stjórn FS yrði skipuð áfram fimm fiskimönnum, einum skipstjórnarmanni Landhelgisgæslunnar, 1 skipstjórnarmanni meðal farmanna, einum skipstjórnarmanni hafna og einum fulltrúa til viðbótar (skipstj.manni á ferjum, sanddæluskipum eða fiskeldsbátum svo dæmi séu tekin) . Það verður svo kosið árið 2024 samkvæmt nýju lögunum verði þau samþykkt á aðalfundinum. Óskað verður eftir mönnum sem vilja gefa kost á sér í stjórn, gæta skal að því að það verði 10 fiskimenn, 5 aðalmenn og 5 til vara, 2 farmenn, einn aðalmaður, einn til vara, o.s.frv. Fullgildir félagsmenn kjósa formann í rafrænni kosningu og átta meðstjórnendur. Formaður getur komið úr hvaða deild sem er t.d. fiskimaður og þá yrðu 4 meðstjórnendur frá fiskimönnum o.s.frv. Heimild stjórnar var fengin til að senda tillögurnar rafrænt til allra félagsmanna til að þeir hafi möguleika á að koma með breytingatillögur á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 4 júní nk. áður en löginn verða samþykkt endanlega. Skýring er við hverja grein til að menn glöggvi sig betur á breytingum. Stjórninni verður sendur pósturinn til yfirlestrar áður en hann verður sendur til félagsmanna og aðalfundarboð þarf að senda með 21 dags fyrirvara. Næst var dagskrá aðalfundar lögð fyrir og samþykkti stjórnin hana samhljóma.

Stjórnin samþykkir að aðalfundir verði áfram haldnir í Reykjavík.

Rætt var um að halda félagsfundi úti á landi annað slagið og leist mönnum vel á þá hugmynd.

Mál 3. Sjómannadagsráð.

Haldinn var aðalfundur Sjómannadagsráðs þrettánda þessa mánaðar að Sléttuvegi í Reykjavík en

Þar er nýjasta hjúkrunarheimili Hrafnistuheimilanna. FS á 8 fulltrúa í Sjómannadagsráði af 34 fulltrúum og undanfarið hefur stjórnarformaður og varaformaður komið úr röðum skipstjórnarmanna. Á fundinum var kynntur var til sögunnar Ariel Pétursson stýrimaður, en hann hafði áður lýst geysimiklum áhuga á að komast í stjórn ráðsins með það fyrir augum að taka við af núverandi formanni Hálfadáni Henryssyni þegar hann lætur af störfum. Ariel var kosinn varaformaður með öllum greiddum atkvæðum. Fram kom m.a. á aðalfundi Sjómannadagsráðs, að tilgangur þess sé tvíþættur, annarsvegar að standa að hátíðarhöldum Sjómannadagsins, sem ekki verður haldinn hátíðlegur í ár vegna heimsfaraldursins og hins vegar felst megin þungi starfseminnar í að veita öldruðum öldrunarþjónustu og húsaskjól.

Mál 4. Íslensk alþjóðleg skipaskrá.

PÆP fór yfir umsögn FS varðandi alþjóðlega íslenska skipaskrá. Frumvarp til laga var loksins en óvænt birt í apríllok á samráðsgáttinni. Það kom mörgum á óvart að ráðherra skyldi koma með þetta frumvarp svo seint, rétt fyrir kosningar og alls óvíst hvort það verði lagt fyrir þingið nú í vor. Lítið samráð hefur verið haft við þátttakendur og eru vinnubrögð Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis ekki til eftirbreytni. Nægur hefur nú tíminn verið síðan verkefnisáætlunin leit dagsins ljós um miðbik ársins 2019.

PÆP fór í stuttu mál yfir sameiginlega umsögn FS og VM, ásamt umsögnum Eimskips, Samtökum verslunar og þjónustu og Einaris Vignis Einarssonar skipstjóra. Hann saknaði þess að fleiri skildu ekki skrifa umsögn meðmæltu því að Íslensk alþjóðleg skipaskrá yrði sett á laggirnar, margir hafa lagt orði í belg en látið þar við sitja þegar fullt tilefni gafst til að mæla þessu máli bót. Fram kom að ASÍ og Sjómannafélag Íslands sitja við sama keyp og áður, eru alfarið á móti þessu máli án þess að koma með trúverðugan rökstuðning.

Mál 5. Kjaramál fiskimanna.

ÁB fór yfir stöðuna í kjaraviðræðunum fiskimanna og kom m.a. fram að haldnir hafa verið 4 fundir hjá sáttasemjara undanfarið. Að mati Árna er staðan með þeim hætti að annað hvort klárast þessar viðræður með samningi bráðlega þar sem samið verði um fá atriði og öðrum kröfum sleppt. Gangi það ekki eftir þá er hætt við að ferlið dragast á langinn, viðræður detti niður í sumar og hefjist ekki fyrir en í haust.

Rætt um kröfu um 3,5 % hækkun á greiðslum í lífeyrissjóð til jafns við annað launafólk, önnur krafa fólst í að olíuverðsviðmiði verði hent út, skiptaverð fari í 76% sem síðan verði lækkað eitthvað til að koma til móts við kröfuna varðandi hækkun lífeyrisgreiðslna. Kauptrygging verði leiðrétt til jafns við Lífskjarasamninginn. Ágreiningi vegna verðmyndunar á uppsjávarfiski þarf að leysa. Vitað er að Brim, Síldarvinnslan, Vinnslustöðin og Ísfélagið borguðu uppbætur þegar endanlegt verð lá fyrir, önnur uppsjávarfyrirtæki ekki. Óásættanlegt að þetta skuli ekki gilda yfir línuna. Fram kom að mönnum þætti fáránlegt að í upphafi vertíðar þegar loðnan var einungis hæf til bræðslu skuli Norðmönnum vera borgað hæsta verð.

Embætti trúnaðarmanns er ekki að virka og er í raun algjör tímaskekkja. Staða trúnaðarmanna gagnvart útgerðum er ekki að virka. Stéttarfélagin telja að þau ættu að koma að þessu, því var hafnað. Vararíkissáttasemjari kom með hugmynd til mögulegra sáttá. Verðlagsstofa verði í virku eftirliti þar sem útgerðum frystiskipa væri gert skylt að senda Verðlagsstofu öll uppgjör og sölunótur um leið og þau lægju fyrir. Efla Verðlagsstofu samkv. sáttatillögu vararíkissáttasemjara eftir þörfum. Við viljum að Verðlagsstofa vakti alltaf öll verð sem fást fyrir afurðirnar. Varðandi

verð á fiski upp úr sjó á að ákvarðast á fiskmarkaði, það er okkar skoðun og grundvallaratriði. Uppgjörsformið hjá flotanum er misjafnt, nánast til stórskammar hjá sumum útgerðum þar sem mjög litlar upplýsingar er að finna og sem vonlaust er fyrir sjómenn að lesa úr sér til gagns. Hjá öðrum er þetta í lagi. Staðla þarf uppgjör. Á einhverjum tíma hafa menn hætt að ganga eftir þessu sem í framhaldinu hefur leitt til þeirrar stöðu sem hluti sjómanna býr við í dag.

Mál 6. Önnur mál.

ÁS fór yfir framkvæmdir við heimreiðina að nýja bústanum á Laugarvatni, sýndi myndir og minnst einnig á að leiksvæðið verði sléttað og lagað ásamt því að borð og stólar verða sett niður fyrir sumarbústaðagesti.

ÁS sagði frá því að laga þyrfti Laugarból og Hrannarból, orðnir gamlir bústaðir og þarfnast endurbóta. Umræður urðu um þessa bústaði og kom fram að sumir fundarmenn voru á þeirri skoðun að annaðhvort þyrfti að endurbæta húsin mjög og jafnvel stækka þau eða skipta þeim út fyrir ný.

ÁS ámalgaði að ekki væru greidd stjórnarlaun í félaginu. Hann lagði til að stjórnin samþykkti að leggja til á næsta aðalfundi að greiddar yrðu 40 þúsun kr. fyrir hvern fund og að greitt yrði einnig fyrir fundi stjórnar á árinu 2020. Það var samþykkt.

Fleira ekki rætt.

Formaður sleit fundi kl. 15:50



Árni Bjarnason

Formaður



Árni Sverrisson

Framkvæmdastjóri



Páll Ægir Pétursson

fundarritari

